

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Jónsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. apríl 2014  
Tilvísun: UST20140300239/ksj

## **Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2010 - 2022. Opið svæði breytist í iðnaðarsvæði sem tengir saman svæði Hverahlíðarvirkjunar og Hellisheiðarvirkjunar.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Ölfuss er barst á fundi þann 6. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010 - 2022. Breytingin felur í sér að iðnaðarsvæði í Hverahlíð eru tengd við Hellisheiðarvirkjun, þar sem Orkuveituna vantar skiljuvatn fyrir annan áfanga varmastöðvar og til nýtingar í lágþrýstivél.

### **Iðnaðarsvæði sem tengir svæði Hverahlíðarvirkjunar og Hellisheiðarvirkjunar, 53 ha**

Breytingar á aðalskipulagi Ölfus 2010 - 2022 verða þær að iðnaðarsvæði á Hellisheiði stækkar úr um 1000 ha svæði í 1030 ha svæði. Iðnaðarsvæði Hverahlíðarvirkjunar stækkar úr um 235 ha í um 263 ha. Við þessar breytingar minnka óbyggð svæði um 53 ha.

### **Landslag**

Áætlað er að leggja safnæðar frá vinnsluholum í Hverahlíð að áætlaðri skiljustöð og tvær flutningslagnir fyrir skiljuvatn og gufu verða lagðar þaðan að Hellisheiðarvirkjun. Áætlað er að lagnirnar verði ofanjarðar nema þar sem þær eru settar í stökk undir þjóðveg 1 og þar sem lagnir fara í stökk gegnum hæðarhrygg sunnan þjóðvegur 1 þar sem gamli vetrarvegurinn er. Að mati Umhverfisstofnunar verða neikvæð sjónræn áhrif helst þar sem lagnir liggja meðfram Gígahnúksvegi.

Fram kemur í umhverfisskýrslu að ekki er talið að tenging iðnaðarsvæða muni hafa neikvæð áhrif á landslag. Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir það, því þrátt fyrir að fyrirhuguð lögn verði að mestu meðfram núverandi vegum, og að staðsetning og frágangur lagna miðast við að draga úr sýnileika lagnarinnar þá mun lagning hennar verða sýnileg og raska hrauni þar sem hún fer um og landslag mun taka á sig meiri svip manngerðs umhverfis en áður. Að mati Umhverfisstofnunar hefur áætluð framkvæmd neikvæð áhrif á landslag.


## Jarðfræði og jarðmyndanir


Að mati Umhverfisstofnunar mun áætluð lögn frá Hverahlíð að Helligheiðarvirkjun hafa neikvæð áhrif á hraun þar sem lögnin mun liggja um hraun frá Hverahlíð að Suðurlandsvegi og raska hrauni á um 5 ha svæði. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta hraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra ef þess er nokkur kostur. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að forðast verði allt óþarfa rask á hraunsvæði og vandað til framkvæmda.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun er ósammála niðurstöðu töflu á bls. 14 í umhverfisskýrslu. Þar þyrfti að koma fram að mati stofnunarinnar að áhrif áætlaðra framkvæmda eru neikvæð á landslag og hraun og jarðmyndanir.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun

